

Tilgangur Verkefnasjóðs ÍF er að styðja aðildarfélög ÍF í frumkvöðlastarfi og efla framboð íþróttar fyrir fatlaða einstaklinga

REGLUGERÐ FYRIR VERKEFNASJÓÐ ÍPRÓTTASAMBANDS FATLAÐRA

1. Almenn

- 1a) Sjóðurinn heitir Verkefnasjóður ÍF og er stofnaður af stjórn ÍF með stofnframlagi að upphæð kr. 1.000.000.- Stofnframlagið samanstendur auk framlags stjórnar ÍF af ógreiddri eldri úthlutun til óvirkra aðildarfélaganna ÍF.
- 1b) Tekjur sjóðsins eru:
 - i. Árleg fjárveiting samkvæmt ákvörðun stjórnar ÍF
 - ii. Ósóttar lottógreiðslur óvirkra aðildarfélaganna samkvæmt 50% úthlutunarreglunni
 - iii. Frjáls framlög og söfnunarfé
 - iv. Vaxtatekjur
- 1c) Formaður og gjaldkeri fara með stjórn Verkefnasjóðs ÍF og gera þeir tillögur um úthlutun til stjórnar ÍF, eftir umsóknum sem berast til sjóðsins.
- 1d) Umsóknir í Verkefnasjóð skulu berast stjórn sjóðsins a.m.k. tveimur vikum fyrir stjórnarfundum ÍF.
- 1e) Umsóknum í Verkefnasjóð skal fylgja fjárhagsáætlun yfir það verkefni sem sótt er um styrk til, og eftir atviku reikningar og áætlanir.

2. Sérverkefni

Átaksverkefni sem lokið er á 4 – 6 mánuðum sem eru íþróttum fatlaðra og íþróttahreyfingu fatlaðra til framdráttar, eru styrkhæf.

3. Nýjungar í starfi

Ekki er styrkt eða lánað þó teknar séu upp nýjar íþróttagreinar en fræðslustarf og kynning á nýjum íþróttagreinum geti hinsvegar fallið undir starfsemi sjóðsins. Að öðru leyti fer úthlutun eftir mati stjórnar sjóðsins

4. Afmörkun verkefna

Ekki er styrkt eða lánað til mannvirkjagerðar né áhaldakaupa

Styrkhæf eru stór sameiginleg verkefni sem einn eða fleiri aðilar taka að sér í þágu íþróttahreyfingar fatlaðra allrar eða á afmörkuðu svæði. Að öðru leyti en hér kemur fram eru úthlutanir eftir mati stjórnar sjóðsins

5. Skýrslugerð

Þeir aðila sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til Verkefnasjóðs ÍF, eigi síðar en eimum mánuði eftir að verkefni hefur farið fram